

Nr. 095 / 12 Páll Jónsson GK 7**Skipverji slasast við fall**

Skipaskr.nr. 1030
 IMO nr. 6704892
 Smíðaður: Hollandi 1967, stál
 Stærð: 299 brl. 402 bt.
 Mesta lengd: 43,90 m Skráð lengd: 40,36 m
 Breidd: 7,60 m Dýpt: 6,30 m
 Vél: Grenaa 662 kW, 1981
 Fjöldi skipverja: 14



Páll Jónsson©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. ágúst 2012 var Páll Jónsson GK 7 á línuveiðum á Austfjarðarmiðum. Veður: 15 m/s og þungur sjór.

Skipverjar voru að byrja að leggja línuna og einn þeirra sem var á skutþilfari hafði látið drekann og endabólið fara. Hann ætlaði síðan að kasta fuglafælunni aftur af skipinu en þá kom alda á bakborðssíðuna svo skipverjinn kastaðist yfir til stjórnborða. Hann lenti með vinstri síðu á þrepi í skuthorninu.

Búið var um slasaða á þilfarinu og síðan siglt með hann til Neskaupsstaðar. Hann var lær- og rifbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist hafa beygt sig niður til að taka fuglafæluna upp og kastað henni í sveiflu aftur af skipinu en í því kom alda svo skipið féll um 30-40° yfir til stjórnborða. Hann hafi ekki náð að grípa í neitt til að verjast eða minnka fallið og ekki heldur að láta sig falla niður þar sem



Pallurinn eða þrepið í stjórnborðs skuthorni sem slasaði féll ofan á

hann stóð;

- að fuglafælan er falur sem skipið dregur á lagningunni en í enda hans eru tveir belgir;
- að sögn slasaða og skipstjóra er skutþilfarið úr riffluðu „þilfarsstáli“. Það var málað en ekki frekar hálfuvarið fremur en önnur þilför í skipinu. En að sögn slasaða kom það ekki að sök í þetta skiptið þar sem hann kastaðist til án þess að renna á þilfarinu;
- að slasaði sagðist hafa verið í stígvélum sem eru fremur stöm;
- að slasaði hafði verið á skipinu í fjölmörg ár og var vaktformaður.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var velta sem kom á skipið sem slasaði stóð ekki af sér.